

164

Ó, Guð, mér anda gefðu þinn

1. Ó, Guð, mér and - a gefð - u þinn er glæð - ir kær - leik, von og trú
 2. Æ, lát hann stjórn - a lífi' og sál að lífi' eg eins og kristn - um ber
 3. Þig sem hið góð - a gef - ur allt, ó, Guð, af hjart - a bið ég nú:
 4. Minn greið - i veg þín gæsk - an blíð svo geti' eg trúr mitt runn - ið skeið

og veit hann helg - i vilj - a minn svo vilji' eg það sem elsk - ar þú.
 og öll mín hugs - un, at - höfn, mál til æv - i - lok - a helg - ist þér.
 Við ótt - a þinn mér æ - tíð halt og elsk - u þína' og sann - a trú.
 en þeg - ar lykt - ar lífs - ins stríð mér líkn - a þú í dauð - ans neyð.

5. Að ég sé blessað barnið þitt
 ég bið þinn andi vitni þá.
 Æ, heyr þú hjartans málið mitt,
 vor mildi faðir himnum á.

Önnur hljómsætning (samræmist raddsetningu)

1. Ó, Guð, mér and - a gefð - u þinn er glæð - ir kær - leik, von og trú

og veit hann helg - i vilj - a minn svo vilji' eg það sem elsk - ar þú.